



# Samanburður á lifun og vexti bæjarstaðar-, kvískerja- og steinadalsbirkis. Fyrstu niðurstöður.

Barbara Stanzeit<sup>1</sup> og Bjarni Diðrik Sigurðsson<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Skógræktarfélag Garðabæjar; <sup>2</sup> Landbúnaðarháskóla Íslands



1. mynd. Tilraunin á Hofsnesi í Örfum. Ljós. BDS 2009.

## Inngangur og aðferðir:

Kvæmið bæjarstaðarbirkis hefur verið algjörlega ríkjandi undanfarna áratugi sem vel aðlagður efniviður til ræktunar birkis (*Betula pubescens*) um allt land. Það er upprunnið af óvöldu fræi frá Bæjarstaðarskógi í Skaftafelli í Örfum.

Í nýlegum kvæmatilraunum Mógilsár kom í ljós að steinadalsbirki, sem upprunnið er um 70 km austur, í Suðursveit, er að koma mjög vel út víða um land.


Því vaknaði sú spurning hjá höfundum hversu mikill munur væri á mismunandi birkikvæmum af þessu tiltölulega litla svæði á SA-landi. Mitt á milli Bæjarstaðar í Skaftafelli og Steinadals í Suðursveit er staður sem einnig er vaxinn er birki-skógaleifum. Það er Kvísker í Örfum.

Haustið 2007 öfluðu höfundar sér fræs frá Bæjarstaðarskógi, Kvískerjum og Steinadal og plönturnar sem spíruðu voru ræktaðar í eitt ár í heimagarði í Garðabæ. Vorið 2009 voru 100 plöntur af hverju kvæmi gróðursett í hefðbundna fimmblokkatilraun, með 10 plöntum af hverju kvæmi í hverri blokk, í rýrt mólendi á Hofsnesi í Örfum (1. mynd) og í hálfgróinn mel í landi skógræktarfélags Garðabæjar.

Lifun og hæð allra plantna var tekin út haustin 2009, 2010 og 2011.

## Niðurstöður og umræða:


Tilraunin sem gróðursett var á lítt gróinn mel í landi Skógræktarfélags Garðabæjar misfórst nær algjörlega í miklum þurrkum sem voru sumarið 2009 og því fengust engar niðurstöður úr henni.



2. mynd. Breytingar á yfirhæð kvískerjabirkis, bæjarstaðarbirkis og steinadalsbirkis í lok 1., 2. og 3. árs eftir gróðursetningu á Hofsnesi í Örfum.

Tilraunin á Hofsnesi í Örfum tókst hinsvegar vel. Fyrstu tvö árin var yfirhæð mest í Kvískerjabirkinu, en á 3. ári seig Bæjarstaðarbirkid framúr (2. mynd). Steinadalsbirkid var hinsvegar hægast af stað af þessum þremur kvæmum. Lifun frá og með fyrsta hausti eftir gróðursetningu hefur verið mjög góð (3. mynd), en þó má sjá að í bæjarstaðarbirkinu eru lítil en stöðug afföll.

Niðurstaðan er því núna að Kvískerjabirki er það sem kvæmi gengur hefur best þessi fyrstu þrjú ár.



3. mynd. Lifun kvískerjabirkis, bæjarstaðarbirkis og steinadalsbirkis frá og með fyrsta hausti eftir gróðursetningu.